

FUNDARGERÐ

245. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 20. september og hófst kl. 12:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Margrét Tryggvadóttir, Ingvar Smári Birgisson, Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir, Nanna Kristín Tryggvadóttir, Mörður Áslaugarson, og Þráinn Óskarsson. Stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir og Jón Ólafsson voru forfölluð. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála, Bryndís Dagsdóttir, forstöðumaður fjármála, Sveinn R. Reynisson endurskoðandi félagsins og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

1. Árshlutareikningur samstæðu Ríkisútvarpsins ohf. 2022

Árshlutareikningur samstæðu var lagður fram til samþykktar.

Í árshlutareikningnum komi fram tap af fyrstu sex mánuðum ársins sem sé 109 m.kr. Tekjur tímabilsins hækkuðu um 15% eða 493 m.kr. miðað við sama tímabil á síðasta ári og séu 3.884 m.kr. Rekstrargjöld hækkuðu einnig um 15% og séu 3.782 m.kr. Hækkun launa sé um 5% eða kr. 85 m.kr. og annar rekstrarkostnaður hafi hækkað um kr. 410 m.kr. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta sé 102 m.kr., en fjármagnsgjöld séu 211 m.kr. sem sé hækkun um 127 m.kr. frá sama tíma á síðasta ári. Mestu muni um hækkun verðbóta á LSR láni.

Heildareignir námu 8.949 m.kr. fyrir lok tímabils og hafi hækkað um 183 m.kr. frá upphafi árs. Sýningarréttur hækki um 246 m.kr. og handbært fé hafi hækkað um 273 m.kr. en viðskiptakröfur lækki um 252 m.kr.

Eigið fé lækkaði um 109 m.kr. eða sem nemi tapi tímabilsins. Eiginfjárlutfallið sé nú í 20,8%. Langtímaskuldir hækkuðu um 157 m.kr. á árinu sem er einkum vegna hækkun verðbóta af LSR láni. Skammtímaskuldir hækka um 136 m.kr. frá áramótum. Viðskiptaskuldir hækkuðu um 68 m.kr. og laun og launatengd gjöld um kr. 78 m.kr. en hækkunin sé áunnið orlof frá áramótum. Hækkun heildaskulda frá áramótum sé 293 m.kr. og séu 7.090 m.kr. í lok júní 2022.

Stjórn samþykkti árshlutareikning samstæðu RÚV.

2. Önnur mál

Ákveðið var að skípa í endurskoðunarnefnd stjórnar á næsta stjórnarfundum.

Fundi slitið.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, (s.e.d.)

Aron Ólafsson
Diljá Ámundadóttir, (s.e.d.)

Jón Ólafsson, (s.e.d.)

Þráinn Óskarsson
Hrafnhildur Halldórsdóttir

Margrét Tryggvadóttir
(s.e.d.)

Sveinn R. Reynisson
(s.e.d.)